

Aðalfundur 16. maí 2024 kl. 18.00 á Múlabergi, Akureyri

Dagskrá

1. Setning fundar

Formaður setur fund og býður konur velkomnar.

2. Kveikt á kertum

Kristínu Elvu er boðið að kveikja á kertum.

3. Kveðjur frá fjarstöddum konum

Formaður skilar góðum kveðjum frá fjarstöddum konum. Margt sem konur eru að sýsla við þessa dagana. AB les upp frásagnir af skemmtilegum ævintýrum sem konur hafa sagt henni frá.

4. Fundargerð síðasta fundar

Ritari (SRJ) les upp fundargerð frá 16. apríl sl. Fundargerðin er borin upp til samþykktar. Fundargerðin er samþykkt eftir tvær athugasemdir sem eru strax leiðréttar.

5. Lokaskýrsla formanns

Formaður (AB) hefur erindið á ljóði og fer með pistil um stjórnarstarf síðustu tveggja ára. Segir frá því sem gert hefur verið á þessum tveimur árum. Fram kemur m.a. heiðursverðlaun Eyglóar Björnsdóttur, að Fríða Pétursdóttir er í afmælisnefnd fyrir 50 ára afmælishátíð DKG og í félagatali Betadeildar eru nú 32 konur og að meðaltali mæta um 20 konur á hvern fund. AB þakkar stjórnarkonum fyrir vel unnin störf og leggur til að afmælispistlar Hildar Hauksdóttur verði gerðir að hefð.

6. Kvöldverður

7. Aðalfundarstörf

a. Kosning í stjórnir

Formaður ræðir nefndar- og stjórnarkjör sem er næst á dagskrá.

i. Elísabetarsjóður

Í sjóðnum sitja núna: Þorgerður Sigurðardóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Anna Þóra Baldursdóttir. JÞ gefur ekki kost á sér áfram. AB ræðir að gaman sé að taka þátt í stjórnnum og nefndum og hvetur konur til að gefa kost á sér. Óskað er eftir að fá frekari upplýsingar um stjórnarstörf. Fram kemur að gefin hefur verið út bók: *Listakonan í fjörunni* og afraksturinn fór í sérstakan sjóð. Sjóðurinn styrkir m.a. konur á Evrópuþing og alþjóðþing og margar konur hafa fengið greitt úr þessum sjóði. Það fara kr. 1000 af árgjaldi Betadeildar í þennan sjóð. Konur í Betadeild hafa fengið styrk úr sjóðnum. Þá er bent á að ekki sé um íþyngjandi störf að ræða. Hanna Salla býður sig fram og uppsker hún lófaklapp.

ii. Útbreiðslunefnd

Í nefndinni sitja núna: Sigríður Magnúsdóttir, Fríða Pétursdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir.

Fríða fer yfir hvað nefndin gerir og er það að taka við tillögum/ábendingum um nýjar konur í Betadeild. Fram kemur að mikilvægt sé að fá nýtt blóð í deildina og hvetur Fríða konur til að koma með uppástungur um nýjar félagskonur, tryggja þurfi líflínuna. Nefndin fer reglulega yfir félagahópin og skoðað hvar þurfi að bæta í, einnig er horft til fjölbreytileikans, s.s. erlendar konur o.s.frv. Mikilvægt er að hafa breidd. Bent er á að t.d. vanti tónlistarkennara, einnig megi skoða kennara af erlendu bergi o.s.frv. Um er að ræða mjög formlegt ferli þannig að það þarf að hugsa vel og koma fljótt með tillögur og þá er bent á eyðublað á heimasíðunni. Frekari umræða fer fram. Þær þrjár sem eru í nefndinni (Fríða, Jóhanna Sigrún og Sigríður) eru tilbúnar að halda áfram.

iii. Uppstillingarnefnd (í ár eru taldar hafa verið: Sigríður, Fríða og Hugrún) Rætt er um misvísandi upplýsingar varðandi skipan í nefndina. Fram kemur í reglugerð DKG að kjósa eigi í uppstillinganefnd, en deildin ræður hvernig sú kosning fer fram. Rætt er að eitthvað hafi skolast til í árána rás þannig að stundum hafi stjórnin sem er að láta af störfum valið þær sem taka við af þeim. Það þykir ekki nógu gott verklag og lagt er til að í framtíðinni verði það alltaf „síðasta stjórn“ sem verði uppstillinganefnd á næsta aðalfundi (þ.e. að á aðalfundi 2026 verði það stjórnin sem sat 2022-2024 sem verður uppstillinganefndin og svo koll af kolli). Formaður fráfarandi stjórnar kallar saman nefndina þremur mánuðum fyrir aðalfund (skv. reglugerð). Fram kemur að gjaldkeri og fráfarandi formaður séu ekki hluti af stjórn, heldur starfi með henni. Þessi tilhögun er samþykkt með meirihluta.

b. Orð frá gjaldkera.

Gjaldkeri, Laufey Petrea, fer yfir yfirlit fyrir tekjur og gjöld starfsárið 2022-2023, (maí til maí). Lítil útgjöld voru starfsárið 2022 – 2023, skýringin er að formaður greiddi sjálf og rukkaði á seinna ári, útgjöld fara því á maí 2023-2024. Gjaldkeri fer yfir tölur. Fram kemur að árgjaldið hafi verið óbreytt sl. þrjú ár og er rétt rúmlega 17.000 krónur. Elísabetarsjóði var skipt yfir á betri vaxtakjör sem tók gildi í fyrravor. Farið er yfir ýmis útgjöld. Gjaldkeri fer yfir framlag í Elísabetarsjóð, frjáls framlög og það sem lagt hefur verið á bankareikning. Rífleg framlög fara í pyngjuna. Farið er yfir heildartekjur. Rætt er um tilgang pyngjunnar en þeir aurar eru styrkur til stúlkna í Afríku. „Sannar gjafir“ eru úr tekjum Betadeildar. Athugasemdir koma og mun stjórn greiða úr því sem ekki hefur verið gert. Fram kemur að á fyrra ári þessarar stjórnar hafi lítið safnast í pyngjuna. Laufey fer yfir upphæðir sem fara til menntunar stúlkna. Reynt verður að eyrnamerkja það fjármagn.

Fram kemur að deildin standi vel. Ekki hefur verið farið í stórar ferðir og lítið sótt í ferðastyrki. Farist hefur fyrir að greiða inn Elísabetarsjóð fyrir árið 2022 en það mun verða leiðrétt.

Gjaldkeri ræði að ákveða þurfi félagagjaldið en samþykkt var kr. 17.000 á sínum tíma og bankagjöld sem bætast við sem hver og ein greiðir. Fram kemur að kr. 10.000 fari til Landssambandsþings, kr. 1000 í Elísabetarsjóð og rest til Betadeildar. Ákveðið er að halda sama árgjaldi þar sem deildin standi ágætlega.

- c. Ný stjórn kynnt
Stjórn skiptir með sér verkum síðar, öðrum en formennskunni. AB mun starfa sem fyrrum formaður. Kristín Elva situr áfram sem varaformaður.
 - i. Eygló Björnsdóttir – formaður
 - ii. Selma Hauksdóttir
 - iii. Sigrún Aðalgeirsdóttir
 - iv. Kristín Elva Viðarsdóttir situr áfram sem varaformaður
 - v. Aðalbjörg Bragadóttir sem fráfarandi formaður
 - vi. Gjaldkeri er áfram Laufey Petrea Magnúsdóttir

Eygló, Sigrún og Kristín Elva eru boðaðar upp á svið og þeim gefið gott klapp. Fráfarandi formaður nærir formannsnælunni í Eygló. Fráfarandi formaður þakkar Eygló fyrir að taka að sér formennsku og er nýrri stjórn gefið gott klapp.

Eygló þakkar fyrir traustið sem henni er sýnt og segist gera sitt besta þótt henni hafi fundist að yngri konur ættu að gefa kost á sér í þetta embætti.

8. Dregið í happdrætti.

AB fær Kristínu Guðbjörgu til að draga í happdrættinu og er það Hanna Salla sem er dregin út og fær happdrættisvinning frá Kristínu Guðbjörgu.

9. Önnur mál

Þakki til félagskonu – AB ræðir hve öflug Hildur Hauksdóttir hefur verið í að tína saman fundargerðir, prenta út og flokka skjöl. Mikil dýrmæti sem þarna eru. Fundargerðir voru handskráðar í *bláa bók* frá 1991. Fyrsti formaðurinn var Edda Eiríksdóttir en það eru ekki endilega margar konu sem vita það. Málalykill er á Skjalasafni. Formaður þakkar Hildi aftur fyrir.

Margrét Kristín – segir frá því að hún muni búa erlendis næsta vetur og verði með okkur í anda. Hún mun dvelja í Austurríki og búa í Innsbruck. Hún laumar því að fundinum að það væri kannski ekki svo vitlaust að fara í vorferð þangað! Margréti er óskað velfarnaðar í nýjum ævintýrum.

María – segir frá því að hún sé jafnframt að flytja en það sé á milli landshluta. Hún fari suður og verði því ekki með næstu vetur. María þakkar kærlega fyrir sig og nefnir að hún muni aldrei gleyma því þegar hún var vígð inn í deildina í dásamlegu veðri á pallinum í sumarbústað Jóhönnu árið 2002 eða 2003. Maríu er óskað velfarnaðar.

Fríða – segir frá því að hún hafi verið tilnefnd í afmælisnefnd vegna 50 ára afmæli Landssamtakanna. Nefndin fær það hlutverk að tilnefna hvað eigi að gera á afmælisárinu og því óskar hún eftir hugmundum frá konum hafi þær hugmyndir um hvað gaman væri að gera. Fríða segir frá því að afmælistálfing hafi verið haldið árið 2015 í Þjóðarbókhöfðunni. Hún mun taka fagnandi tillögum frá konum og ræðir að það væri gaman ef Betadeild væri sýnleg enda næstelsta deildin.

10. Fundi slitið

AB slítur fundi en bendir konum á að sitja og spjalla áfram. Formaður þakkar samveruna og traustið síðustu tvö ár fyrir hönd stjórnar. Hún hvetur konur til að vera hugrakkar og áræðnar.

11. Slökk á kertunum

Kristín Elva slekkur á kertunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.20/SRJ